

15

22. jan.

8. gr.

Það fje, sem nauðsynlegt er til daglegra gjalda hefir ríkisfjehirðir umráð yfir og ábyrgist. Verðbrjef landssjóðs og það fje, sem ekki þarf á að halda við daglega afgreiðslu, skal, að svo miklu leyti sem það er ekki sett á vöxtu, geymt í sjerstakri fjehirslu, og skal læsingin vera þannig gjörð, að henni verði ekki lokið upp nema með tveim lykllum, sem ekki eru eins. Geymir fjármáladeildin annan lykiliinn, en ríkisfjehirðir hinn. Þegar fjehirsla þessi er opnuð, skal ríkisfjehirðir jafnan vera viðstaddur og þar til kvaddur maður úr fjármáladeildinni, og þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð, og skal hún í hvert skifti undirrituð af báðum þeim, sem viðstaddir eru opnun fjehirslunnar.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 22. jan. 1919.

Sig. Eggerz.

Magnús Guðmundsson.

16

6. febr.

Samþykt

um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 44, 11. júlí 1911, gjört eftirfarandi samþykt um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast fyrir búpening sinn að vorlagi, með því, að hafa til útlána og sölu hey, sem ungmennafjelagið »Dagsbrúu« og sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi hefir umsjón með og lætur úti eftir þeim fyrirmælum, er þessi samþykt setur.

2. gr.

Forðabúrið myndast af heyi því, sem almennur sveitarfundur 23. mars 1918 samþykkti, að fá til notkunar fyrir hreppinn hjá ungmennafjelinu »Dagsbrún« 100 hesta (eitt hundrað hesta 100 kg.) og svo heyi því, er sveitarstjórnin kann að tryggja sjer eða kaupa til viðbótar.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi ásamt ungmennafjelinu »Dagsbrún« sjer um forðabúrið, hefir á hendl rekstur þess, umsjón alla og reikningshald.

Arskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum, svo sem fyrningar-
gjald, vexti og endurnýjnnarkostnað ber að greiða úr sveitarstjóði.

16
6. febr.

Um kostnað við útlán og móttöku heyfordans svo og um hey það, er vinnast kann
við útlán, semur sveitarstjórnin við ungmennafjelagið.

4. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um
forðabúrið fyrir næstliðið fardagaár ásamt reikningi yfir kostnað við það.

5. gr.

Það skal vera aðalreglan, að hey sje eigi látið úti úr forðabúrinu fyr en fram hefir
farið hin lögskipaða útmánaðaskoðun og sveitarstjórnin hefir fengið skýrslu um fóðurbirgðir
manna. Lendi einhver í heyproti áður, eða sjái þau fyrir skal hann, ef hann leitar eftir hjálp
forðabúrsins, senda hreppsnefnd vottorð forðagæslumanns um fóðurbirgðir sínar og skal þá
hey úr forðabúrinu látið úti eftir fyrirskipun sveitarstjórnar.

6. gr.

Í samræmi við fyrirmæli 1. gr. skal það vera aðalreglan, að hey sem forðabúrið læt-
ur úti sje lánað gegn þriðungi meiri þyngd af vel verkuðu heyi að sumrinu. En það sem
selt kann að verða borgist aftur eftir gangverði á heyi það ár, sem salan fer fram.

7. gr.

Taki heyfordinn að fyrnast svo, að sveitarstjórnin állitur nauðsyn til bera að yngja
hann upp, skal hún sjá um endurnýjun hans.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Samþykkt þessi staðfestist hjernæð samkvæmt framangreindum lögum til að öðlast
þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 6. febr. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.